

Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 19. apríl 2022
Málsnúmer: 202203-0030
SS

Efni: Umsögn um matsáætlun um nýjar flæðigryfjur á hafnarsvæði við Grundartanga í Hvalfjarðarsveit.

Vísað er til bréfs frá Skipulagsstofnun dags. 15. mars 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um matsáætlun um framkvæmd Elkem og Norðurál á nýjum flæðigryfjum á hafnarsvæði við Grundartanga í Hvalfjarðarsveit.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér matsáætlunina og vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri:

Ekki er fjallað um rask á búsvæðum fugla vegna framkvæmdarinnar. Flæðigryfja á Svæði 2 austan við núverandi flæðigryfjur er staðsett innan marka mikilvægs fuglasvæðis sem nær yfir stóran hluta af Hvalfirði (<http://www.ni.is/node/16110>). Í fjörunum í norðanverðum Hvalfirði finnast fjöruvistgerðir með hátt verndargildi t.d. bólupangsklungur (<http://www.ni.is/greinar/boluthangsklungur>) sem eru mikilvæg fæðuöflunarsvæði vaðfugla t.d. sendlings, stelks og tjalds. Þrátt fyrir mikla nálægð við iðnaðarsvæðið finnast þarna lítt raskaðar fjöruvistgerðir. Í umhverfismatinu þarf að fjalla um áhrif framkvæmdarinnar á þessar vistgerðir og á fuglalíf svæðisins. Gera ætti könnun á hversu mikið fuglar nýta svæðið við fæðuöflun. Náttúrufræðistofnun hefur tilnefnt Hvalfjörð á framkvæmdaáætlun (B-hluta) náttúruminjaskrár og ná mörkin á tillögunni einnig inn á áhrifasvæði framkvæmdarinnar eins og sjá má á vefsíðu Náttúrufræðistofnunar (<https://natturuminjaskra.ni.is/>).

Efla þarf vöktun mengandi efna sem skolast út í sjó í ljósi aukins umfangs flæðigryfja og því jákvætt að stefnt sé að því að bæta við nýjum mælistöðum utan við nýju gryfjurnar. Þá ætti að auka við vöktun á PAH og þungmálum í kræklingum eins og stefnt er að því að skoða með Umhverfisstofnun. Mjög mikilvægt er að vöktunin nái utan um möguleg mengunaráhrif á lífríki sjávar, ekki síst vegna mikilvægi svæðisins fyrir fugla sem margir nýta krækling og önnur botndýr á grunnsævi fyrir fæðu.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir við matsáætlunina.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson

Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs



